

Ed.

76. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43 1927.

Flutningsm.: Magnús Torfason, Jón Jónsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, sér framfærslurétt í þeirri sveit, er hann hefir dvalizt í 2 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan sveitarstyrk á þeim missirum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

G r e i n a r g e r ð.

Enn vill það mjög við brenna, að sveitarfélög, þaðan er miklir flutningar eru, verða illa úti, sakir þess, að þau fá þungar búsigjar af fluttu fólki, er þar á framfærslusveit. En með því að tekjur þeirra rýrna að sama skapi og fólkinu fækkar, mega þau sízt við slíkum sendingum. Þá er það ekki vitað, að á jörðu hér sé annarsstaðar en á voru landi sett að skilyrði, að maður hafi ekki þegið sveitarstyrk um lengra bil en sveitvinnslutíminn er settur.